

**Nd.**

**425. Frumvarp til laga**

[210. mál]

um stækkun Mosfellshrepps í Kjósarsýslu.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson.

**1. gr.**

Sá hluti Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa á Kjalarnesi, skal innlimaður í Mosfellshrepp.

**2. gr.**

Hreppamörk Kjalarneshrepps hins nýja og Mosfellshrepps hins nýja skulu vera landamerki jarðanna Esjubergs og Mógilsár frá sjó til landamerkja Kjósarhrepps. Að öðru leyti skulu hreppamörk Mosfellshrepps vera óbreytt frá því, sem nú er.

### 3. gr.

Andriðsey skal fylgja Kjalarneshreppi hinum nýja, en Lundey og Þerney Mosfellshreppi.

### 4. gr.

Mosfellshreppur tekur að sér framfærslu allra þeirra, sem öðlazi hafa eða öðlast kunna framfærslurétt í þeim hluta Kjalarneshrepps hins forna, sem innlimaður verður Mosfellshreppi með lögum þessum.

### 5. gr.

Ef ekki næst samkomulag um skipti milli Mosfellshrepps og Kjalarneshrepps hins nýja á eignum og skuldum Kjalarneshrepps hins forna, er leiðir af sameiningu umrædds hluta Kjalarneshrepps við Mosfellshrepp, skal félagsmálaráðuneytið skera úr ágreiningi um þau mál.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til, að þau komi til framkvæmda á árinu 1963.

### Ákvæði um stundarsakir.

Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hins forna fer með stjórn hreppsins, þar til hreppsnefndarkosningar hafa farið fram vegna sameiningar hluta hreppsins við Mosfellshrepp, sbr. 2. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindreginni ósk íbúa þess hluta Kjalarneshrepps, sem liggur austan Kleifa á Kjalarnesi.

Vegna legu þess hreppshluta, sem liggur austan Kleifa, hafa mestöll félagsleg samskipti íbúanna þar fyrr og síðar verið við íbúana í Mosfellshreppi, og virðist allt benda til þess, að þróunin í náninni framtíð verði sú, að þau samskipti fari æ vaxandi.

Milli hinna tveggja hluta Kjalarneshrepps, austan Kleifa og vestan, eru í rauninni engin önnur tengsl en þau, sem eru þeirri staðreynd samfara, að þeir tilheyra að formi til sama sveitarfélags. Hreppsbúar austan Kleifa hafa að sama skapi náin og vaxandi félagsleg samskipti við nágrannahreppinn, Mosfellshrepp, og samskiptin við hreppsbúa Kjalarneshrepps vestan Kleifa eru hverfandi lítil og fara minnkandi.

Sem dæmi um hin nánu samskipti milli Kjalarnesinga austan Kleifa og Mosfellshreppsbúa má t. d. nefna sameiginlega kirkjusókn, sameiginlegt búnaðarfélag, ungmenntafélag og kvenfélag allt frá upphafi og barnafræðslu, því að mörg börn frá heimilum í Kjalarneshreppi, austan Kleifa, sækja skóla að Brúarlandi, þar sem ekki er nauðsynlegt, að börnin dveljist í heimavist, en hjá því er aftur á móti ekki hægt að komast, ef senda á börnin í skólann að Klébergi.

Hvað snertir allt félagslíf Kjalarnesbúa austan Kleifa, þá er það sannast sagna, að það hefur með hverju árinu sem líður orðið meira og meira tengt félagslífi íbúa Lágafellssóknar í Mosfellshreppi, t. d. munu allar meiri háttar samkomur, sem haldnar eru í Hlégarði, félagsheimili Mosfellshrepps, vera jöfnum höndum sóttar af þeim íbúum Kjalarneshrepps, sem búa austan Kleifa, og íbúum Mosfellshrepps.

Samkvæmt framansögðu er það staðreynd, að landfræðileg lega umrædds hluta Kjalarneshrepps og náin og sívaxandi félagsleg samskipti fólksins austan Kleifa við fólkið í næsta nágrannahreppnum að sunnan, Mosfellshreppi, gera það í alla

staði eðlilegt og sjálfsagt, að sá hluti Kjalarneshrepps, sem er austan Kleifa, verði sameinaður Mosfellshreppi, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir einstökum greinum þessa frumvarps. Þær skýra sig sjálfar.